

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Grenivík.

Á fundi sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps þann 5. febrúar 2007 var samþykkt deiliskipulag fyrir lóðir nr. 31, 33 og 35 við Ægissíðu á Grenivík.

Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum og lóð fyrir spennistöð við Ægissíðu nr. 31, 33 og 35. Hámarksnýtingarlutfall er 0,35, hámarkshæð húsa með nýtanlegu risi er 7 m og húsa á einni hæð 5,2 m.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Grenivík, 22. mars 2007.*

**Guðný Sverrisdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2007